

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Krabbameinslækningar – hverjum dettur það í hug!

Pegar ég var í sérnámi í almennum lyflækningum í Bandaríkjunum, heillaðist ég af blóð- og krabbameinslækningum. Mér fannst fagið mjög fjölbreytt og tengdist flestum undirsérgreinum lyflækninga. Þá sá maður og upplifði hversu náð samstarf var við hjúkrunarfræðinga, aðra heilbrigðisstarfsmenn sem oftast en ekki þekktu sjúklingana og fjölskyldur þeirra mjög vel. Ég held að margir utan heilbrigðiskerfis geri sér ekki grein fyrir hversu gefandi það er að starfa við þetta fag. Vissulega koma oft erfiðir tímar en það að starfa svo náð með öðrum er bæði styrkjandi og nærandi.

Ég útskrifaðist úr Læknadeild Háskóla Íslands 1995. Leiðin lá á kandi-datsár á „Borgarspítalanum“ eða Landspítalanum Fossvogi. Það var afar skemmtilegur tími. Ég fékk síðan áframhaldandi stöðu á lyflækningadeildinni en skipti yfir á barnadeildina í Fossvogi 1998 þar sem ástæðan fyrir því að ég fór í læknisfræði í upphafi var að verða barnalæknir. Ég fann fljótt að það að starfa með fullorðnum átti betur við mig. Helstu fyrirmyndir á þeim tíma voru sérfræðingar sem nýlega voru komin úr sérnámi erlendis, svo sem Óskar Einarsson, Runólfur Pálsson og Friðbjörn Sigurðsson, auk Hugrúnar Ríkarðsdóttur sem var frábær kennari og mikil fyrirmynd og stefndi ég að smitsjúkdómalækningum barna eða fullorðinna. Þá kom Hákon Hákonarson til starfa á barnadeildinni í Fossvogi meðan ég starfaði þar og var afar góður kennari og hvatti mann til dáða. Öll höfðu þau verið

í sérnámi í Bandaríkjunum, sem varð til þess að ég fór í sérnám þangað.

Árið 1999 fór ég ásamt eiginmanni mínum og þriggja ára syni til Connecticut og hóf sérnám í almennum lyflækningum við Háskólann í Connecticut (UCONN). Við upphaf sérnáms í almennum lyflækningu stóð hugur minn til smitsjúkdómalækninga en á námstímanum kynntist ég fyrir tilviljun náð starfi krabbameinslækna og sú starfsgrein heillaði mig eins og fram hefur komið. Árin í Bandaríkjunum voru afar lærdómsrík og fjölskyldan undi sér vel.

Ég lauk sérnáminu í almennum lyflækningum 2002 og tók sérfræðingspróf sama ár og hóf nám í undirsérgrein, „fellowship“ í krabbameinslækningum og blóðmeinafræði og var áfram við UCONN. Sérnámið var vel skipulagt og skiptist á milli þessara tveggja sérgreina. Einu sinni í mánuði voru kvöldfyrirlestrar þar sem boðið var uppá kvöldmat með grunnvísindateyminu á UCONN, efni fyrirlestrana, „fannst okkur“ alltaf

Ég held að margir utan heilbrigðiskerfis geri sér ekki grein fyrir hversu gefandi það er að starfa við þetta fag. Vissulega koma oft erfiðir tímar en það að starfa svo náð með öðrum er bæði styrkjandi og nærandi.



Agnes Smáradóttir
yfirlæknir lyflækninga krabbameina

það sama, verið að rannsaka samspil ónæmiskerfisins og sortuæxla, og gengu rannsóknir út á það hvort hægt væri að örva ónæmiskerfið til að ráðast á sortuæxlisfrumur. Skemmst er frá því að segja að niðurstöður voru alltaf frekar mikil vonbrigði en það átti sannarlega eftir að breytast. Á námstímanum rannsakaði ég samspil krabbameinslyfja og storkukerfisins og tók þátt í fjölmörgum vísinda-kerfum.

Ég lauk sérnámi 2005 og tók sérfræðingspróf sama ár. Eftir sex ára dvöl í Bandaríkjunum fluttum við aftur til Íslands þar sem ég hafði fengið stöðu við krabbameinsdeildina á Landspítalanum.

Nú í haust eru 20 ár frá því að ég hóf störf sem sérfræðingur. Stórfelldar framfarir hafa orðið í krabbameinslækningum á þessum árum og bylting hefur orðið í meðferð margra krabbameina með tilkomu nýrra lyfjaflokka sem gjörbreyta meðferðarmöguleikum auk framfara í greiningu krabbameina og í öðrum greinum sem koma að meðferð þeirra.

Ég hvet lækna sem eru að hugsa um sérnám að íhuga krabbameinslækningar. Mikilvægt er að hafa góðan grunn í almennri lyflæknisfræði. Þetta er spennandi fag í örri þróun og fullt af tækifærum bæði í klínísku starfi og vísindum til að vaxa sem læknir, vísindamaður og manneskja.

Fag í sífelldri þróun

Áður en ég hóf læknanámið starfaði ég í sex mánuði sem sjálfbóðaliði á sjúkrahúsi í Suður-Afríku. Það var mikil lífsreynsla og styrkti enn frekar áhuga minn á heilbrigðismálum og manneskj-unni sjálfri í víðara samhengi. Ég ákvað að hefja læknanámið í Danmörku, fyrst við háskólann í Árósum og síðar í Kaupmannahöfn. Á námsárunum fékk ég einnig að kynnst heilbrigðisstarfi á afskekktum stað með allt öðrum áskorunum en ég hafði áður kynnst þegar ég vann eitt sumar sem læknanemi í Nuuk á Grænlandi.

Ég útskrifaðist úr læknadeild Háskólans í Kaupmannahöfn árið 2013. Þá var ég komin fimm mánuði á leið með annað barnið mitt og tími til kominn að flytja aftur heim. Á þeim tíma var ég ekki viss um hvaða sérgrein hentaði mér best en komst fljótlega að því á kandidatsárinu að lyflækningar áttu vel við mig. Sama ár og ég klára kandidatsárið var verið að taka upp nýtt og metnaðarfullt sérnámsprógram í almennum lyflækningum á Landspítalanum. Þar starfaði ég sem deildarlæknir í rúm þrjú og hálf ár. Sem hluta af náminu í lyflækningum starfaði ég á krabbameinsdeildinni og göngudeild krabbameina. Mér fannst sérgreinin ótrúlega fjölbreytt og verkefnið oft flókin, en á sama tíma mjög gefandi. Það heillaði mig hvernig hið lækandi og líknandi fléttast saman í þessu fagi, ekki aðeins baráttan við sjúkdóminn heldur líka viðleitnin til að varðveita vonina og lífsgæðin. Á þessum árum urðu einnig miklar framfarir í krabbameinslækningum, einkum með tilkomu ónæmismeðferða sem fyrir marga sjúk-

linga með útbreiddan sjúkdóm leiddu til lengri lifunar og langvarandi sjúkdómsstjórnunar – eitthvað sem áður þótti óhugsandi. Krabbameinslækningar voru ört vaxandi og spennandi sérgrein. Það var góður andi á deildinni og ég sóttist eftir æ lengri viðveru þar í náminu og áttaði mig smám saman á því að þetta væri mín sérgrein. Ég fékk góða leiðsögn og stuðning frá reyndum og frábærum kollegum, meðal annars Örv-ari Gunnarssyni, Agnesi Smáradóttur, Ásgerði Sverrisdóttur, Óskari Þ. Jóhannssyni og Helga Sigurðssyni.

Ég hélt út í sérnám í krabbameins- og geislalækningum við háskólasjúkrahúsið í Lundi í Svíþjóð. Ég starfaði mestmegnis í Lundi, en einnig í Malmö, Helsingborg, Varberg og Halmstad. Í náminu hafði ég hvað mestan áhuga á krabbameinum í meltingarfærum og tók þátt í rannsókn-um samhliða klínísku starfi þar sem við skoðuðum gildi ákveðinna þátta fyrir horfur einstaklinga með krabbamein í

Dvölin úti var í heildina fimm og hálf ár. Þetta voru lærdómsrík og mótandi ár og ég kynntist mörgum frábærum krabbameinslæknum og vísindamönnum sem hafa orðið mér miklar fyrirmyndir og er ómetanlegt að geta leitað til.



Póra Rún Úlfarsdóttir
krabbameinslæknir

neðri meltingarvegi og meinvörp í líf-himnu sem hafa gengist undir meðferð með CRS/HIPEC.

Eftir eitt ár sem sérfræðilæknir í Svíþjóð snérum við fjölskyldan aftur heim til Íslands í ágúst 2024. Árin fram að því höfðu einkenst af mörgum flutningum og var þetta í sjötta skiptið sem búslóðin var flutt yfir Atlantshafið.

Dvölin úti var í heildina fimm og hálf ár. Þetta voru lærdómsrík og mótandi ár og ég kynntist mörgum frábærum krabbameinslæknum og vísindamönnum sem hafa orðið mér miklar fyrirmyndir og er ómetanlegt að geta leitað til.

Í dag starfa ég sem krabbameinslæknir á Landspítalanum við Hringbraut með áherslu á krabbamein í meltingarfærum og lungum, sem og ólæknanlegum krabbameinum á höfuð- og hálssvæði. Vinnan er mjög fjölbreytt og skemmtileg en oft krefjandi. Fagið er þverfaglegt og byggir á nánú samstarfi margra sérgreina. Framfarir geta verið hraðar og þá geta meðferðarmöguleikar breyst ört og ný þekking getur haft bein áhrif á líf sjúklinga, sem gerir sérgreinina síbreytilega og afar spennandi.